



Þingskjal nr. 4

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir reglugerð um dómara í hestaíþróttum er verði hluti af nýrri reglugerð um mótahald á Íslandi.

a. Reglugerðin orðist svo:

1.1 Reglugerð um dómara í hestaíþróttum

1.1.1 Dómarar

Dómarar sjá um að farið sé eftir reglum, að mót séu haldin í góðum íþrótaanda og að velferð hestsins sé í fyrirrúmi öllum stundum. Til að öðlast dómararéttindi skulu dómarar hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómari eða íþróttadómari. Íþróttadómarar dæma á íþróttamótum, gæðingadómarar dæma á gæðingamótum.

1.1.2 Dómararéttindi

Dómarar við gæðingakeppni og íþróttakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðinga- eða íþróttadómarar. Dómararéttindi eru stigskipt. Íþróttadómarar skiptast í héraðsdómara, landsdómara og alþjóðadómara FEIF. Gæðingadómarar skiptast í félagsdómara og landsdómara. LH ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildingu héraðs-, félags, og landsdómara en FEIF ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildinu alþjóðadómara.

Réttindi gæðingadómara:

- a) Félagisdómari hefur rétt til að dæma öll almenn gæðingamót, þó ekki landsmót og fjórðungsmót
- b) Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum gæðingamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess

Réttindi íþróttadómara:

- a. Héraðsdómari hefur rétt til að dæma öll almenn íþróttamót, þó ekki WR-mót, Íslandsmót og Landsmót.
- b. Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum íþróttamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess.

Til að öðlast og viðhalda dómararéttindum þarf viðkomandi að standast dómarapróf á vegum LH og standast kröfur sem settar eru af Dómaranefnd LH. Dómaranefnd LH gefur út lista yfir virka dómara og birtir á vefsíðu LH ár hvert.



[Áður gr. 2.8.9.2 Dómarar] Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómaraéttindin í allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómarafélaganna.

Um alþjóðadómaraéttindi vísast til gr. G2.2 í reglum FEIF.

1.1.3 Skipun dómara á mót

Aðildarfélög LH sækja um dómara á lögleg mót til Dómaranefndar LH í síðasta lagi 7 dögum fyrir upphaf móts. Dómaranefnd hefur heimild til að fela Hestaíþróttadómarafélagi Íslands og Gæðingadómarafélagi LH úthlutun dómara á mót.

1.1.4 Um hæfi dómara

Um hæfi dómara skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Um dómara gilda siðareglur LH, FEIF og ÍSí. [áður gr. 7.4.2] Dómari má ekki eiga hest í keppni á Íslandsmóti, lands- eða fjórðungsmóti, í þeim flokki sem hann dæmir.

b. Eftirfarandi greinar falla brott:

2.8.4, 2.8.9.2, 7.4.1 og 7.4.2.

Allsherjarnefnd vísar þingskjali 4 óbreyttu til þingsins.